

Skipulagsstofnun  
b/t Þórodds F. Þóroddssonar  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

11.17  
3. nóvember 2009

**Varðar: Suðvesturlínur, ákvörðun um sameiginlegt mat.**

Landsnet vill koma því á framfæri að misræmi er í upplýsingum sem fram koma í umsögn fyrirtækisins til Skipulagsstofnunar, dags. 14. október 2009, um afstöðu þess til sameiginlegs mats styrkingar raforkukerfisins á Suðvesturlandi, Suðvesturlína og orkuvera.

Í kafla V, 5. mgr. segir: „Norðurál hefur hafið framkvæmdir við allt að 360.000 tonna álver í Helguvík og er aflþörf þess alls 435MW.“

Hið rétta er að Norðurál hefur hafið framkvæmdir við allt að 250.000 tonna álvers í Helguvík og er aflþörf þess alls 435MW. Norðurál stefnir að stækkun þess í 360.000 tonn og er heildaraflþörf álvers að þeirri stærð 625 MW.

Verkefnið Suðvesturlínur mun anna aflþörf stækkaðs álvers, ef til kemur, jafnt sem öðrum framtíðaráformum um uppbyggingu iðnaðar og orkuöflun á svæðinu sem hugmyndir eru uppi um, sbr. umsögn fyrirtækisins til Skipulagsstofnunar dags. 14. október 2009. Þetta misræmi í umsögn Landsnets er hér með leiðrétt og ítrekað að þetta hefur ekki áhrif á mat á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdina Suðvesturlínur, né þá umsögn sem veitt var Skipulagsstofnun.

Virðingarfyllt  
f.h. Landsnets,

  
Ingólfur Eysteinn  
Verkefnisstjóri

Afrit sent Umhverfisráðuneyti.